

1.1 Skýrsla

Umsókn

Sjóður: Sprotasjóður

Heiti styrkþega: Menntaskólinn við Sund

Ár: 2022

Kennitala styrkþega: 7006700589

Umsóknar nr.: 220133-7101

Forsvarsmaður/tengiliður: Helga Sigríður Þórsdóttir

Heiti verkefnis: Saman í sátt

Netfang umsækjanda: helgath@msund.is

Úthlutun

Umsótt upphæð: 2.300.000 kr

Áætlaður kostnaður verkefnis: 2.800.000 kr

Úthlutaður styrkur: 1.800.000 kr

Mismunur á umsóttri upphæð og úthlutaðum styrk: 500.000 kr

Skýrsla

Tegund skýrslu*

Lokaskýrsla - verkefni lokið

Lokakostnaður verkefnis*

2300000

Nýttur styrkur*

1800000

Annað framlag

Fjárhagsyfirlit á PDF formi, ef við á

Náðist markmið samkvæmt umsókn*

Já

Hvar fór vinna fram að mestu*

Reykjavík og nágrenni

Stutt lýsing til opinberrar birtingar*

Lýðræði er hornsteinn hins norræna velferðarríkis en er því miður ekki lengur eins sjálfgefið og við erum vön. Skólasamfélagið þarf að bregðast við þessari þróun og vera meðvitað um þá staðreynd að nemendur þurfa nú aukna handleiðslu og hvatningu til að tileinka sér lýðræðislega hugsun og verklag. Áskoranir blasa við, hvort sem litið er til áhrifa félagsmiðla, upplýsingaóreiðu eða tilkomu gervigreindar. Þegar heimsfaraldur skall á árið 2020 sást með skýrum hætti að taka þyrfti sérstaklega á málum hvað varðar félagslíf í framhaldsskólum því félagsleg deyfð og einangrunin sem sóttvarnaaðgerðir yfirvalda höfðu óhjákvæmilega í för með sér hafa sannarlega ekki eftir lýðræðisvitund nemenda.

Full þörf er á því að breyta menningu í félagslífi nemenda og hvetja þau áfram í því að vinna saman á lýðræðislegum forsendum þ.e. eiga hreinskilin en jafnframt vönduð samskipti þar sem hlustað er á allir raddir en jafnframt rætt af nærgætni og virðingu og leitast við að komast að sameiginlegri niðurstöðu í sátt. Ein af þeim leiðum sem við í MS teljum vænlega er að innleiða nýja „hefð“ í félagslífið sem við köllum Stjórnlagabing SMS (skólafélag MS, nemendafélag skólans). Hugmyndin byggir á svipaðri hugmyndafræði og farið var af stað með í kjölfar Hrunsins á Íslandi árið 2010 þegar endurskoðun stjórnarskrár Íslands fór fram, lifandi lýðræðisleg endurskoðun á leikreglum samfélagsins og forgangsroðun sjónarmiða.

Greinargerð um helstu þætti vinnu á verkefnatíma*

Félagsmálastjóri skipulagði samtals fjóra vinnufundi fyrir alla meðlimi í stjórn Skólafélagsins á tímabilinu ásamt tvemur Stjórnlagabingum. Tveir fundir fóru í að undirbúa Stjórnlagabing, vinna að nýjum lögum og reglugerðum, þar sem öll sem að málinu koma beint fengu færi á að koma skoðunum sínum á framfæri og skrifa eigin vinnureglur. Á Stjórnlagabinginu sjálfu, sem opið var öllum áhugasömum nemendum ásamt stjórnarmeðlimum, var svo kosið um áður nefndar tillögur sem unnar höfðu verið á vinnufundunum. Hinir tveir vinnufundirnir voru haldnir fyrir nýkjörna stjórn hverju sinni. Þar var unnið sérstaklega að samskiptasáttmála, markmiðasetningu, hultverkaskipan og skilgreiningum ásamt hópefli.

Almennt var allt skólaárið unnið markvisst með kjörnum fulltrúum nemendafélagsins að því að efla lýðræðislega umræðu og vinnubrögð innan nemendafélags skólans (SMS).

Undanfarin ár hafa komið upp fjölmörg tilfelli þar sem lýðræðislegar áskoranir hafa verið sýnilegar t.d. í tengslum við stórar ákvarðanir og skipulag á félagslífi almennt. Leitast var við að efla nemendur í því mikilvæga lýðræðislega ferli að hlusta á allar raddir með öpunum hug og leitast við að finna lausnir sem sem flestir gætu unað við og upplifað að á þeirra rödd hafi verið hlustað.

Í öllu starfi með nemendum var sett upp lýðræðislegt ferli þar sem ofangreindum viðmiðum var haldið á lofti og nemendur hvattir til að tileikna sér þessa hugsun og verklag í sínum störfum fyrir nemendafélagið og skólasamfélagið í heild. Unnið var með lýðræðislega ábyrgð þ.e. að þeir sem kosnir höfðu verið til að sinna tilteknum þáttum félagslífsins hefðu öll nauðsynleg hjargráð til að sinna þeim verkefnum og öxluðu ábyrgð á sínum störfum.

Félagsmálastjóri fylgdi nefndum og ráðum SMS eftir og gætti þess að unnið væri í samræmi við þau lýræðislegu viðmið sem um hefur verið rætt hér að ofan. Stöðugt var lagt mat á það hvernig starfsemin var að ganga og tekið á því þegar brýna þurfti viðmið eða leita leiða til að bæta úr samskiptum milli aðila.

Greinargerð um árangur/afurðir eftir verkefnatíma*

Félagslífið gekk framar vonum og mjög öflugur hópur nemenda leiddi starfið og vart hægt að segja annað en þau hafi tileinkað sér þær hugmyndir sem lagt var upp með varðandi lýðræðislegt verklag í félagslífinu.

Áhersla var lögð á tvö mikilvæg skref í félagslífinu þ.e. ný lög SMS aðlöguð að breyttum tímum og svo reglugerðir SMS þar sem hver nefnd og hvert embætti innan stjórnarinnar myndi móta eigin reglugerð skrifada af stjórnarmeðlimum sjálfum.

Haldið var stjórnlagabing í annað skiptið í mars þar sem farið var yfir lög nemendafélagsins og gerðar mikilvægar uppfærslur á þeim. Hlustað var á allar raddir í nemendahópnum og leitast við að finna nálganir sem sem flestir gátu unað við. Tekið var á viðkvæmum málum í starfinu og gerðar breytingar til að festa í skorðum lýðræðislega ábyrgð, virkni og tækifæri fyrir alla. Drög að stefnumótunarskali liggur fyrir og er hugmyndin að nýkjörin stjórn SMS hitti eldri miðstjórnina í haust ásamt nýráðnum félagsmálastjóra (það starf þarf að auglýsa fyrir næsta skólaár) og gangi frá því skjali.

Kosningar fóru fram í kjölfar stjórnlagabingsins og staðfestu þær breytingar sem gerðar voru. Eitt af markmiðum verkefnisins var að gera kosningarnar málefnalegri og lýðræðislegri en það hefur verið mikil áskorun lengi að kosningar verði vinsældakeppni og umræður illskeyttar og persónulegar. Það er mat nemenda að vel hafi til tekist, áherslan var á málefnin og tekist var á um þau án mikilla illinda (alltaf

eitthvað um núning, óvenju lítið að þessu sinni).

Nemendum tókst að virkja fleiri með sér en raunin hefur verið í mörg ár. Leiksýningin er gott dæmi um þetta en þar tókst að virkja yfir 50 nemendur til að taka þátt í mjög krefjandi og tímafreku verkefni sem síðustu ár hefur átt mjög undir högg að sækja. Þetta krafðist mikils samráðs og margar flóknar ákvarðanir t.d. forgangsröðun fjármuna og þurfti að taka tillit til og hlusta á ólíkar raddir, mjög góð þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum.

Athugið: Til að skila inn skýrslu þarf að fara í kafla "2. Skoða og skila inn". Munið að vista gögn í þessum kafla fyrst.

1.2 Þátttakendur

Þátttakendur umsóknar

Númer	Kennitala	Nafn	Hlutverk	Lýsing þátttöku
1	0212972089	Hólmfríður Kría Halldórsdóttir	Félagsmálastjóri	Mun vinna náið með nemendum að því að ná fram þeim markmiðum sem verkefnið miðar að.

Uppfærðir þátttakendur

Númer	Kennitala	Nafn	Hlutverk
1	0212972089	Hólmfríður Kría Halldórsdóttir	

Lýsingar þátttöku

Færsla 1:

Mun vinna náið með nemendum að því að ná fram þeim markmiðum sem verkefnið miðar að.

1.3 Áhrif verkefnis

Áætlaður fjöldi einstaklinga sem verkefnið hefur náð til eða haft áhrif á*

1000

Lýsing. Til hverra náði verkefnið, með hvaða hætti og með hvaða áhrifum.*

Almennt séð náði verkefnið til alls skólasamfélagsins, þó fyrst og fremst til nemenda og þar með einnig til þeirra félagslega nærumhverfis. Þessi almennu áhrif eru að vísu ekki mjög sterk en skipta miklu máli ef þeim er stöðugt viðhaldið til lengri tíma.

Verkefnið hafði meiri áhrif á þann hóp nemenda sem kom með beinum hætti að félagslífinu, lauslega áætlað um 100 nemendur. Það voru gerðar miklar breytingar á fyrirkomulagi í félagslífinu og sérstök áhersla á að efla almenna þátttöku og lýðræðislega ábyrgð leiðtoga nemenda. Sem dæmi hefur hrakval verið ákveðin ákskorun (einstaklingar kosnir til að sinna ákveðnum verkefnum en gera það svo ekki) og voru tekin skref til að bæta úr því, einkum á stjórnlagabætur í mars 2023.

Verkefnið var einnig samþættað inn í önnur verkefni í skólanum, þá sérstaklega nýjan áfanga (KROS1HF01) sem er í umsjón námsráðgjafa skólans og allir nýnema taka í kjarna. Nemendafélagið fékk beina aðkomu að þeim áfanga með það að markmiði að tengja félagslífið milliliðalaust við nýnema skólans og þannig efla lýðræðislega meðvitund nemenda og hvetja til virkar þátttöku.

Þessi skýrsla var skilað inn: 29.06.2023 14:21:52
af Leifur Ingi Vilmundarson (kt. 0712754189)